

Úrskurður nr. 4/2003.

- **Vörugjald**

Kærð er sú ákvörðun tollstjóra að hafna eftirgjöf á vörugjaldi vegna kaupa á dráttarvél þar sem kaupandi var ekki búsettur á lögbýli. Kærandi gerir kröfu um eftirgjöf þar sem kaupandi noti vélina við bústörf á lögbýli. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda.

Lög nr. 55/1987 99. gr., 101. gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 11. og 12. gr. Lög um vörugjald 29/1993 4. og 5 gr. Reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum 3. tl. 19. gr

Með bréfi, dags. 31. janúar 2003, framsendi fjármálaráðuneytið kæru L. f.h. B, til nefndarinnar. Kæran er dagsett 28. nóvember 2002. Kæran er til komin vegna úrskurðar tollstjóra frá 26.11.2002 en í honum er hafnað að fella niður vörugjald af dráttarvélinni X þar sem kaupandi dráttarvélarinnar hafi ekki lögheimili á lögbýli. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að umsókn um eftirgjöf vörugjalds af dráttarvélinni X sé hafnað. Skilyrði fyrir niðurfellingu sé að viðkomandi búi á lögbýli, sem sé ekki í þessu tilfalli. Skv. vottorði frá landbúnaðarráðuneytinu sé jörðin Efri-H lögbýli en skráð í eyði.

Í kærinni segir m.a. að D. hafi keypt umrædda dráttarvél af B. til þess að nota við búskap sinn að Efri-H í Á-hreppi. D. hefur alla tíð, í áratugi, verið bóndi. Hann seldi jörð sína, S-bæ í Á-hreppi, fyrir nokkrum árum og fluttist að Hellu. Hann hefur frá árinu 1982 haft jörðina Efri-H á leigu og stundað þar búskap. Jörðin Efri-H er skráð lögbýli. Samhliða sínum búskap að Efri-H annast hann um hirðingu og fóðrun á a.m.k. 50 hrossum fyrir eigendur jarðarinnar. Bent er á að vörugjald sé lagt á afar fáar dráttarvélar, sem seldar eru hér á landi á hverju ári. Þar sé nánast einungis um að ræða dráttarvélar sem seldar eru til sveitarfélaga eða ríkisstofnana. Ennfremur að margir aðilar, sem keypt hafa dráttarvélar hafi fengið niðurfellingu vörugjalds á nýjum vélum, á mun veikari forsendum en D. sækir nú um. Í því sambandi vísast til jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá er bent á að D. stundi samsvarandi búskap og margir aðrir bændur, sem búa á lögbýlum og hafa fengið vörugjald fellt niður af nýjum dráttarvélum, sem þeir hafa keypt. Samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 29/1993, ber að greiða 10% vörugjald af dráttarvélum. Í g. lið 1. tl. 5. greinar laganna er síðan að finna undanþáguákvæði, þar sem segir að undanþegnar vörugjaldi séu dráttarvélar til nota á lögbýlum. Kærendur fullyrða að dráttarvélin X sé ætluð til nota við búskap D. á Efri-H í Á-hreppi, skattframtöl og landbúnaðarskýrsla kaupanda vélarinnar beri með sér að hann stundar enn þá búskap.

Þá segir að samkvæmt bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 1. nóv. 2002, sé jörðin Efri-H lögbýli en í jarðaskrá ráðuneytisins sé hún skráð eyðijörð. Kærandi kann ekki skýringu á því hvers vegna jörðin sé skráð eyðijörð en með vísan til þess sem að framan er rakið sé alveg ljóst að búskapur er

stundaður að Efri-H og því breytir skráning í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins ekki. Höfnun á niðurfellingu vörugjaldsins vegna slíkrar skráningar komi ekki til greina enda virðist um misskilning eða mistök að ræða varðandi skráningu í jarðaskrá. Svo virðist sem höfnun tollstjóra byggji á því að skilyrði fyrir niðurfellingu vörugjalds á nýjum dráttarvélum sé að viðkomandi búi á lögbýli og svo sé ekki í því tilfelli sem hér um ræðir og því beri að hafna niðurfellingu vörugjaldsins. Sýnt sé fram á að D. stundi búskap á Efri-H. Þess vegna virðist afstaða tollstjóra grundvallast á því að D. hafi ekki lögheimili að Efri-H. Í lögum nr. 29/1993 sé hvergi að finna önnur skilyrði fyrir niðurfellingu vörugjalds á dráttarvélum en þau er fram koma í g-lið 1. tl. 5 greinar, þar sem segir að dráttarvélar til nota á lögbýlum skuli undanþegnar vörugjaldi. Hvorki í lögnum, frumvarpi að þeim og greinargerð né umræðum á Alþingi sé að finna hugleiðingar um búsetu eða lögheimili þess er notar dráttarvélin. Enda væru slíkar hugleiðingar ekki í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga né jafnræðisreglu þeirra. Með hliðjón af ofanskráðu er þess krafist að ákvörðun tollstjóra frá 26.11.2002 um að hafna umsókn B. um eftirgjöf vörugjalds af dráttarvélinni X verði felld úr gildi.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 7. febrúar 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 27. s.m. segir m.a. að í g-lið 1. tl. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. segi að dráttarvélar til nota á lögbýlum skuli undanþegnar vörugjaldi. Þessi undanþága sé síðan staðfest í 3. tl. 19. gr. reglugerðar nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, þar segir að vörugjald skuli falla niður af dráttarvélum, að því tilskildu að dráttarvél verði nýtt á lögbýli.

Í umræddu máli hafi verið staðfest að jörðin Efri-H, Á-hreppi, R-sýslu, sé lögbýli en skráð í eyði. Þetta kemur fram í skjali frá landbúnaðarráðuneytinu er fylgdi kærinni. Einnig fylgdi með kæru yfirlýsing frá oddvita Á-hrepps þess efnis að D., kaupandi dráttarvélar, hafi gert munnlegan leigusamning varðandi jörðina Efri-H í Á-hreppi, R-sýslu, sem gilt hafi frá 1982 við eigendur jarðarinnar. Ennfremur hafi fylgt afrit af skattframtali D. fyrir árið 2001. Þegar skattframtalið sé skoðað komi í ljós að D. hafi skilað inn landbúnaðarskýrslu þar sem fram komi að hann sé með hross, nokkur landbúnaðartæki og ýmiss konar rekstrargjöld. Hins vegar sé tilgreint heimili á landbúnaðarskýrslu, lögheimili D. á Hellu. Ekkert númer sé hins vegar tilgreint á lögbýli. Hvergi komi fram að þessi starfsemi fari fram að Efri-H í Á-hreppi.

Tollstjórinn í Reykjavík telur að þar sem um undanþágu frá meginreglu sé að ræða, þ.e. að greiða beri vörugjald af ökutækjum, beri að gera ríkar kröfur þegar um niðurfellingu sé að ræða. Embættið telur að ekki hafi verið sýnt nægilega fram á að skilyrði laga og reglugerðar hafi verið fullnægt, þ.e. að viðkomandi tæki verði nýtt á lögbýli. Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjóri þess að úrskurður tollstjóra um höfnun á beiðni um niðurfellingu vörugjalds, dags. 26. nóvember 2002, verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 27. febrúar 2003. Í svari sem barst nefndinn í faxbréfi þann 18. mars 2003 segir

kærandi m.a. að tollstjórinn í Reykjavík byggji kröfu sína um að úrskurður tollstjóra um höfnun á beiðni um niðurfellingu vörugjalds, dags. 26.11.2002, verði staðfestur á því að hvergi komi fram að dráttarvél sú er hér um ræðir sé notuð á lögbýli. Þessu er kærandi ekki sammála og bendir á að með kæru sinni frá 28. nóvember s.l., hafi verið staðfesting oddvita Á-hrepps um að nefndur D. hafi haft jörðina Efri-H. í Á-hreppi á leigu frá árinu 1982. Þessu til áréttingar sé send með athugasemdum þessum staðfesting oddvítans á því að umrædd dráttarvél, X hafi verið keypt til nota á lögbýlinu Efri-H, enda hafi hún verið nýtt þar, bæði við búskap D. og einnig við jarðabætur og búskap fyrir eigendur lögbýlisins. Þá segir að hvorki í lögum um vörugjald af ökutækjum, né reglugerð þar um sé að finna áskilnað um að eigandi dráttarvélar skuli hafa lögheimili á því lögbýli, sem dráttarvél er nýtt, til að það verði felld niður. Slíkur áskilnaður stenst ekki að lögum, enda mönnum frjálst að ákveða sinn dvalarstað sjálfir og með öllu óheimilt að leggja þess konar vistarbönd á þegna í þjóðfélaginu. Lögheimili D. á Hellu, komi því ekki til skoðunar varðandi niðurfellingu vörugjaldsins. Þó beri að geta þess sérstaklega að enginn búskapur sé stundaður að á Hellu, um sé að ræða einbýlishús á leigulóð í þéttbýliskjarna Hellu á Rangárvöllum.

Þá segir að upplýst sé að jörðin Efri-H sé skráð lögbýli en í jarðaskrá ráðuneytisins er jörðin skráð eyðijörð. Kærandi kann ekki skýringar á því hvers vegna jörðin sé skráð eyðijörð enda upplýst að D. hafi stundað búskap þar um árabil, sbr. skattframtöl hans. Þá er þess krafist með vísan til jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar að ríkistollanefnd rannsaki og upplýsi, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga, hve margar dráttarvélar hafa verið seldar, án niðurfellingar vörugjalds. Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt við afgreiðslu þessa máls, þannig að tryggt verði að sambærileg mál fái sömu afgreiðslu. Varðandi rökstuðning í greinargerð tollstjórans í Reykjavík um að hafna beri niðurfellingu vörugjaldsins vegna skorts á sönnun á því að dráttarvélin verði nýtt á lögbýli þá vísast til rannsóknar- og sönnunarreglu stjórnarsýsluréttar en stjórnvöld geta ekki komist hjá því að rannsaka mál á viðhlítandi hátt með því að beita sönnunarreglum í stað rannsóknar. Reglan felur í sér að stjórnvöldum er óheimilt að grípa til mats- eða sönnunarreglna fyrr en þau hafa árangurslaust reynt að rannsaka mál á tilhlýðilegan hátt. Það hefur ekki verið gert í því máli er hér um ræðir. Hins vegar hefur undirritaður lagt fram þau gögn sem honum eru tæk til sönnunar þess að skilyrði til niðurfellingar vörugjaldsins eru fyrir hendi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og fram kominna gagna sem lögð hafa verið fram með kærunni og athugasemdum þessum er þess krafist að ákvörðun tollstjóra frá 26.11.2002 um höfnun á eftirgjöf vörugjalds af dráttarvélinni X verði felld úr gildi og vörugjald af dráttarvélinni X verði felld niður.

Eins og fram kemur í greinargerð kæranda fylgdi greinargerðinni yfirlýsing oddvita Á-hrepps, J. Jónar, en hún er svo eftirfarandi: Undirritaður staðfestir að D. til heimilis á Hellu, hefur frá árinu 1982 stundað búskap á lögbýlinu að Efri-H, í Á-hreppi. Við búskapinn hefur D. notað landbúnaðartæki þ.m.t. dráttarvél í hans eigu. Varðandi dráttarvélin X staðfestist enn fremur að hún

var keypt til nota á lögbýlinu enda hefur hún verið nýtt þar, bæði við búskap D. og einnig við jarðabætur og búskap fyrir eigendur lögbýlisins.

Ríkistollanefnd hefur kynnt sér málgögn þau sem lögð hafa verið fram í máli þessu og haldið fundi um málefnið. Deilt er um hvort tollstjóra hafi verið heimilt að hafna niðurfellingu vörugjalds af dráttarvél með fastanúmer X þar sem kaupandi er ekki með lögheimili á lögbýlinu Efri-H. þar sem hann nýtir dráttarvélin. Kærandi telur hins vegar ekkert það í lögum sem segi að niðurfelling vörugjalds sé bundin því að hlutaðeigandi verði að hafa lögheimili á lögbýli. Í lögnum sé kveðið á um að dráttarvélin sé notuð á lögbýli.

Í lögum nr. 29/1993, er kveðið á um vörugjald á ökutæki. Í 1.tl. 5. greinar laganna eru upptalin þau ökutæki sem undanþegin eru vörugjaldi við innflutning. Í g-lið 1. tl. 5. gr. segir: "Dráttarvélar til nota á lögbýlum". Í tilvitnuðum lagatexta er þess ekki krafist að kaupandi dráttarvélar sé búsettur á lögbýli heldur að vélin sé notuð á lögbýli. Lagatextinn er fortakslaus hvað þetta varðar. Þá fylgir kærinni skýlaus yfirlýsing oddvita Á-hrepps um að kaupandi vélarinnar, D., noti vélinu við bústörf á lögbýlinu Efri-H. í Á-hreppi. Þegar framanritað er virt telur ríkistollanefnd ekki skilyrði til þess að hafna niðurfellingu vörugjalds við innflutning dráttarvélarinnar X.

Með vísan til 99. gr. og 101. gr. nr. 55/1987 með síðari breytingum, svo og laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. 5. gr. 1. tl. g. úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra dags. þann 26.11.2002 um höfnun á eftirgjöf vörugjalds af dráttarvélinni X er felldur úr gildi.